

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Fjallabyggð.

Deiliskipulag Bylgjubyggðar 2, Ólafsfirði.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Fjallabyggðar samþykkti á fundi sínum 30. ágúst 2024 deiliskipulag Bylgjubyggðar 2. Tilgangur deiliskipulagsins er að ná óbyggðu svæði inn í skipulag, skilgreina nýjar lóðir með skilmálum fyrir nýbyggingar með það að markmiði að halda í heildrænt yfirbragð byggðarinnar og að nýbyggingar verði hluti af núverandi heild. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 16. október 2024.

Íris Stefánsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 30. október 2024